

Óskar Ingólfsson er fararstjóri í hreyfiverkefninu Gengið inn í haustið með FFA ásamt Áslaugu Melax



Óskar er Akureyringur og ólst upp á Eyrinni. Á sumrin fór hann í sveitina sína austur í Kelduhverfi sem var hans annað heimili. Þar er tenging við náttúruna sterk og má segja að Óskar hafi fengið útivistaráhugann beint í æð frá unga aldri. Hjól og skíði eiga hug hans allan og finnst honum fátt skemmtilegra en að komast á tindana eftir þeim leiðum og geta brunað niður á meiri ferð en fætturnar leyfa. Hann var í björgunarsveitunum Súlum á Akureyri og Héraði á Egilsstöðum.

Óskar hefur starfað sem leiðsögumaður til margra ára hjá stórum og smáum fyrirtækjum víðsvegar um landið. Hann hefur mikið farið með hópa í jöklagöngur og á hann sem dæmi einar 500 ferðir á Sólheimajökul. Ævintýraferðir á jeppa eða nokkurra daga göngur um landið eru einnig algeng verkefni. Í dag starfar Óskar sem öryggisfulltrúi skíðasvæðis (skipatrol) í Hlíðarfjalli.

Óskar byrjaði sem fararstjóri hjá FFA 2021 og mun leiða hópinn með Áslaugu Melax.

Uppáhalds útivistarsvæði Óskars: Hálendið allt en eru Kverkfjöll og Þórsmörk í sérstöku uppáhaldi.